

Dr. Ágúst Einarsson, prófessor
Viðskipta- og hagfræðeild

Kína og Ísland í aldanna rás - tækifæri í samstarfi

Erindi á ráðstefnu Íslensks-kínverska viðskiptaráðsins og Viðskipta- og hagfræðeildar Háskóla Íslands 23. febrúar 2005 um viðskipti milli Íslands og Kína

Forseti Íslands, Herra Ólafur Ragnar Grímsson, hæstvirtur iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fundarstjóri, góðir áheyrendur

Mynd 1 sýnir Kína og Ísland í Kína. Ísland heitir Bing Daó á kínversku og er á myndinni í réttum hlutföllum inni í Miðríkinu sem er orðrétt nafnið á Kína. Kína er vissulega miðpunktur umhverfis síns og svo hefur verið í lengri tíma en við eigum sögu yfir.



Mynd 1: Kína og Ísland

Ég á þrjár gersamar
 sem ég gæti vel,
 ein þeirra er ást,
 önnur er nægjusemi,
 sú þriðja er auðmýkt.
 Sá einn sem elskar
 er hugrakkur,
 aðeins hinn nægjusami
 er mikilhæfur,
 og einungis sá auðmjúki
 er fær til valda.

Lao-Tse
 fæddur 604 f. Kr.,
 dáinn 531 f. Kr.

Þetta kvæði er eftir Lao-Tse sem er fyrsti heimspekingur Taóista-stefnunnar, f. 604 f. Kr., d. 531 f. Kr. Hann er talinn höfundar Bókarinnar „Um veginn“ þótt ekkert sé víst í þeim efnunum. Tao-ismi lýsir veginum eða Tao sem hinu raunverulega í umhverfinu og Te lýsir dyggðinni sem snýr að lífsorkunni í hlutum og varðar m.a. siðferði. Hugrekki, örlæti og forysta eru dyggðir sem tengjast siðakerfi. Fólki á að sýna innri tilfinningar sínar. Við sjáum þessa hugsun í tilvitnunni hér. Öll þessi hugsun hefur skipt gríðarlega miklu máli og varpar ljósi á Kínverja og kínverska sögu.

Annar heimspekingur, Konfúsíus (551-479 f. Kr.), lýsti líka dyggðum eins og manngæsku og þekkingu en þar skiptir afstaðan milli réttis og rangs miklu meira máli. Tao-istar draga fram sálarfrið og samhljóm með náttúrunni en áhagendur Konfúsíusar leggja mikla áherslu á félagslega þætti og hlýðni við yfirvöld. Báðar þessar stefnur forðast öfgar og það hefur verið einkenni Kínverja alla tíð. Þjóðin er laus við þær öfgar sem hafa einkennt sögu Vesturlanda. Áhrif þessara stefna hefur gætt um aldir og heimspeki Konfúsíusar var réttlæting keisaranna um langa hríð og enn skiptir þessi hugsun miklu máli. Þessir heimspekingar eru mun eldri en Sókrates, sem fæddist árið 469 f. Kr. og dó árið 399 f. Kr.

Kína er stórt og víðfemt land um 9.6 milljónir ferkílómetrar að stærð og er 3ja stærsta land í heimi á eftir Rússlandi og Kanada. Íbúar Kína eru nær 1.300 milljónir. Landamæri Kína eru um 22.800 km löng og liggja að 12 ríkjum. Kína er ævafornt menningarríki og eiga sinn fræga forföður í Pekingmanninum. Uppruni siðmenningar í Kína hófst um 600-400.000 árum

f. Kr. og er talin hafa verið í kringum Bejing og við Huang-ho fljót eða Guluá sem rennur 5500 kílómetra um 10 héruð. Elstu menjar um fasta búsetu er að finna við Yangtze fljót (Langafljót) frá því um 5.000-4.750 f. Kr.

Það eru 56 mismunandi þjóðflokkar í Kína og 92% íbúanna eru af Han ætt. Hinir 55 þjóðflokkarnir, sem eru innan við 100 milljónir, byggja aðallega jaðarsvæðin. Kína skiptist upp í 23 héruð, 5 sjálfstæð svæði, 4 borgríki sem eru Bejing, Shanghai, Tianjin og Chongqing og 2 sérsvæði sem eru Hong Kong og Macau. Kínverjar fengu Hong Kong árið 1997 frá Bretum. Meðal sjálfstæðu svæðanna eru Tíbet og Innri Mongólíu.

Flestir íbúarnir tala svipaðar mállískur en hið opinbera tungumál var og er Mandarín kínverska. Allir nota sama ritmál sem er talið vera frá því 5-4000 f. Kr. Þetta er allt annað en er í Indlandi þar sem ótal þjóðir og tungmál eru í einum hrærigraut. Um Kristsburð voru Kínverjar þegar orðnir um 57 milljónir en fólksfjöldinn stóð í stað næstu 1.400 árin.

Kína byggðist upp af ættarveldum sem tóku við hvert af öðru og segja má að saga Kínverja sé samfelld allt frá 2100 f. Kr. til dagsins í dag. Sami uppruni 92% þjóðarinnar, sama tunga, sama ritmál og sami menningararfur hefur ætíð fylgt þjóðinni og slík samfella er einstök meðal þjóða. Hvert hérað þróaði síðan sína eigin siði í akuryrkju, iðnaði, matreiðslu og listum enda er landið stórt. Framleiðslan tók mið af því hvernig landslagið var og íbúarnir fylgja með. Rísframleiðsla kínverskra bænda fæðir nú um fimmtung mannkyns sem segir sína sögu.

Tafla 1 sýnir atburði í sögu Kína og Íslands.

| Árið | Kína | Ísland |
|--------------------|-----------------------------|-----------------|
| 221 f.Kr. | Keisaradæmið stofnað af Qin | |
| 202 f.Kr.-220 e.Kr | Han tíminn | |
| 617-907 | Tang tíminn (gullöldin) | |
| 874 | | Ísland finnst |
| 1162-1227 | Gengis Kahn | |
| 1262 | | Lok þjóðveldis |
| 1271 | Marco Polo í Kína | |
| 1368-1644 | Ming tíminn | |
| 1550 | | Siðaskipti |
| 1644-1911 | Mansjúra tíminn | |
| 1855 | | Verslunarfrelsi |
| 1912 | Fall keisaraveldisins | |
| 1918 | | Fullveldi |
| 1944 | | Sjálfstæði |
| 1949 | Stofnun alþýðuveldisins | |
| 1976 | Mao Zedong deyr | |
| 2005 | Nútíminn | Nútíminn |

Tafla 1: Atburðir í sögu Kína og Íslands


Keisaradæmið í Kína var stofnað 221 fyrir Krist. Þá hófst keisaradæmi sem stóð í 2000 ár. Það leið ekki undir lok fyrr en í byrjun 20. aldarinnar. Tang-tíminn var gullöld þeirra, 600-900 eftir Krist og það er á þeim tíma sem landnám hefst hér á landi. Þá eru þeir búnir að eiga hér nær 1.000 ára öfluga sögu. Borg keisaranna, Xian, var langstærsta borg í heimi og hún varð fyrst borga heims með meira en eina milljón íbúa. Þar er hinn frægi leirher í gróf fyrsta keisarans Qin.

Hér eru nefndir nokkrir þættir sem okkur eru kunnugir, eins og valdatími Gengis Kan, sem er um það leyti sem þjóðöldin líður undir lok á Íslandi. Á 11. öld eru krossferðir, endurreisnin hefst nokkru síðar sem einkennir mjög okkar sögu. Marco Polo var árið 1271 í Kína og þá fá Vesturlandabúar upplýsingar um þetta mikla ríki sem hafði þá staðið sem völdugt keisaradæmi í 1500 ár. Ameríka fannst aftur árið 1492 á miðjum Ming tímanum. Þá eru siðaskiptin hjá okkur, en það er nokkuð á undan Ching-tímanum þegar Mansjúrarnir, sem eru kallaðir svo, taka við völdum í Kína.

Verslunarfrelsi fáum við Íslendingar á 19. öld. Í upphafi 20. aldar, 1912, fellur keisaraveldið og þá er sagan mjög hröð. Lýðveldi var fyrst stofnað og

síðan alþýðulýðveldið árið 1949. Við fengum sjálfstæði árið 1944. Árið 1976 eru merk tímamót þegar Mao Tse Dong deyr, sem mótaði alla þessa sögu mjög svo á fyrri hluta 20. aldarinnar en einnig núverandi stöðu. Þessi saga er mjög merkileg og við sjáum hana líka á fólksfjölguninni.

Mynd 2 lýsir þróun íbúafjölda í Kína.




Mynd 2: Þróun íbúafjölda í Kína 1950 til 2050

Kína er lang fjölmennasta ríki heimsins. Nú, árið 2005, er íbúafjöldinn um 1.300 milljónir eins og sést á mynd 2. Árið 1950 var íbúafjöldinn tæplega 600 milljónir, þannig að Kínverjar hafa meira en tvöfaldað íbúafjölda sinn á rétt rúmum 50 árum. Það er gert ráð fyrir því að þeir fari upp í tæplega 1.600 milljónir árið 2040 en að jafnvægisstaða verði um 1.400 milljónir og Kínverjar verða eftir sem áður langfjölmennasta ríki heims.

Breytingarnar hafa verið gríðarlega miklar. Ég kom fyrst til Kína 1978, tveimur árum eftir að Mao Tse Dong deyr. Beijing var þá varla malbikuð, allir á reiðhjólum og allir í gráu Mao-fötunum. Síðan kom ég þarna aftur 20 árum seinna og ég þekkti varla landið. Svo kom ég aftur í fyrra og fór víða um og þekkti það ekki frá því 5 árum áður. Breytingarnar eru alveg stórkostlegar og hvergi í heiminum,- og hef ég víða komið – hef ég séð jafn miklar breytingar gerast á jafn skömmum tíma eins og í þessu mikla ríki.

Það verður að hafa skýrt í huga að breytingarnar sem gerast með stofnun Alþýðulýðveldisins árið 1949, og ríki Kommúnistaflokksins sem þarna er, eru mjög mikilvægar í sögu Kína. Kommúnistastjórnin kom á friði innanlands og útrýmdi hungursneyðum. Það má ekki að vanmeta innanlandsátökin í sögu Kínverja. Þótt Keisaraveldið væri um aldir, þá voru mikil innanlandsátök og oft hungursneyðir, en slíkt hefur ekki verið síðustu áratugi. Undantekningin er þegar Menningarbyltingin ríkti, en Kínverjar segja líka sjálfir að sá tími sé einsdæmi í sögu Kína, sem er rétt.


Mynd 3 lýsir dreifingu íbúafjölda ríkja heims.



Mynd 3: Dreifing íbúafjölda í 207 ríkjum heims árið 2003

Það eru einungis 2 ríki sem eru með yfir milljarð íbúa. Það eru Kína og Indland. Ekkert ríki hefur á milli 300 milljónir íbúa og einn milljarð. Nokkur ríki eru með 100-300 milljón íbúa eins og Bandaríkin, Indónesía og Brasilía. Íslendingar eru í 171. sæti hvað varðar íbúafjölda. Við erum í minnsta floknum upp í 300.000 íbúa. Það eru 37 ríki í heiminum sem eru í þessum flokki. Við erum því hér að tala í bókstaflegri merkingu um Davíð og Golíat í margs konar skilningi þegar við tölum um samskipti Íslands og Kína.


Mynd 4 sýnir hagvöxt í Kína.



Mynd 4: Hagvöxtur í Kína frá 1982 til 2006

Hagvöxtur í Kína hefur verið einstakur og við sjáum hér árabilið frá 1982-1992 og síðan næstu áratugi. Þetta er hagvöxtur upp á um 6-8% á hvern íbúa. Heildarhagvöxturinn fer upp undir 10% á sama tíma og við teljum okkur þokkalega vel stödd hér á Vesturlöndum með 2% til 4% hagvöxt. Kína hefur verið með 8-10% hagvöxt yfir mjög langt tímabil. Ef hagvöxtur á hvern íbúa er skoðaður er hann líka einsdæmi, sbr. mynd 4, og sýnir hvers konar viðskiptakraftur leysist úr læðingi á mjög skömmum tíma.

Mynd 5 sýnir framlag atvinnuvega til landsframléiðslu og þróun þess.




Mynd 5: Hlutdeild atvinnuvega til landsframleiðslu í Kína 1982, 1992 og 2002

Í mynd 5 sjáum við sömu þróun og er alls staðar annars staðar í heiminum, sem er að landbúnaður, sem var fyrir 20 árum með þriðjunginn af framlagi til verðmætasköpunar, fer niður í 22% og síðan niður í 14%. Frumframleiðslugreinarnar lækka á sama tíma og iðnaðurinn fer úr 45% hlutdeild upp í 52% hlutdeild. Þjónustan eykst úr 22% hlutdeild í 34% hlutdeild. Þetta er alveg í samræmi við þróun sem er annars staðar í heiminum, m.a. á Vesturlöndum. Vægir frumframleiðslugreina minnkar og vægi þjónustugreina eykst.

Kína hefur tvöfaldað hlutdeild sína í verðmætasköpun í heiminum á síðustu 10 árum. Þeir höfðu 6% hlutdeild fyrir 10 árum en hafa núna 12% hlutdeild. Iðnríkin í Evrópu og í Ameríku hafa staðið í stað á þessum tíma. Hlutdeild þeirra er um 45% af heildar verðmætasköpun í heiminum. Við sjáum á þessu að aukning verðmæta, þ.e. aukning landsframleiðslu í heiminum, eða heimsframleiðslunnar, er í Suðaustur Asíu og ekki hvað síst í Kína.


Mynd 6 sýnir þróun inn- og útflutnings í Kína.



Mynd 6: Inn- og útflutningur í Kína 1982, 1992 og 2002 í milljörðum US \$

Hér sjáum við það sem varðar marga héraendis sem er inn- og útflutningur í Kína á 10 ára tímabili frá árinu 1982. Þetta er í milljörðum Bandaríkjadala og til samanburðar er inn- og útflutningur okkar um einn og hálfur milljarður Bandaríkjadala. Fyrir rúmu 20 árum var útflutningur frá Kína um 25 milljarðar en fer á 10 árum í 100 milljarða og var árið 2002 kominn í 350 milljarða Bandaríkjadala. Þetta er einungis á 20 árum þannig að vöxturinn er ótrúlegur. Það eru ekki til dæmi um meiri hagvöxt eða aukningu viðskipta í svona skömmum tíma og í slíkum mæli, því landið er fjölmennasta land í heimi eins og margoft hefur komið fram. Það er einnig ekkert sem bendir til annars en að þessi vöxtur muni halda áfram.

Mynd 7 sýnir dreifingu landsframleiðslu ríkja heims.



Mynd 7: Dreifing landsframleiðslu (Gross Domestic Product, GDP) í milljörðum dollara í 166 ríkjum heims árið 2004 á jafnvirðismælikvarða (Purchasing Power Parity, PPP)

Dreifingu landsframleiðslu í tæplega 170 ríkjum, eins og sýnt er í mynd 7, sýnir að Bandaríkin eru langstærsta hagkerfi heims. Þeir eru með 10 þúsund milljarða dollara landsframleiðslu. Næst stærsta hagkerfi í heiminum er Kína, með 6.500 milljarða dollara landsframleiðslu. Þetta er á sambærilegu verðlagi, þ.e.a.s. er á jafnvirðismælikvarða. Kína er nú þegar orðið 2/3 af bandaríska hagkerfinu. Til að mynda er bandaríska hagkerfið þrefalt stærra en það japanska og rúmlega þrefalt stærra en það indverska og fimmfalt stærra en það þýska, og þetta eru engin smáríki sem hér eru nefnd. Kína er því þegar komið í góðan félagsskap. Næstu ríki á eftir Bandaríkjunum og Kína eru Japan og Indland.


Ísland hækkar nokkuð úr fólksfjölgunarsætinu, sem var 171. sæti, en við erum í 127. sæti af ríkjum heims hvað varðar stærð hagkerfis og við getum vel við unað. Við erum 300.000 manna þjóð, sem hvað fólksfjölda varðar er í minnsta flokknum, eins og áður var sýnt en hér erum við einni deild ofar, enda erum við ein ríkasta þjóð í heimi sé miðað við landsframleiðslu á hvern íbúa. Þessi mynd sýnir hins vegar vel hvar viðskiptin verða í framtíðinni. Þau verða í Suðaustur-Asíu.

Ef við lítum aðeins á samanburðartölur er hollt að hafa í huga að árið 0 lifðu 130 milljónir manna á jörðinni. Um aldamótin 1900, sem er ekki mjög langt síðan, voru 1,3 milljarðar sem lifðu á jörðinni, eða jafn margir og Kínverjar eru núna. Nú eru jarðarbúar 6,3 milljarðar. Fjölgunin á síðustu eitt hundrað árum er mjög veruleg eða 5 milljarðar. Það er talið að íbúar jarðar fari í 8 milljarða á næstu 25 árum, eða fjölgi um 2 milljarða. Öll þessi aukning er í Asíu eða öðrum þróunarríkjunum. Hún er ekki á Vesturlöndum, þ.e. í okkar umhverfi.

Það verða gífurleg vandamál varðandi fæðuöflun, vatn og lífvænleg svæði til að lifa á. Hvernig maðurinn tekst á við öll þessi vandamál til viðbótar við margvíslegan umhverfisvanda, sem að hluta er vegna þessarar fólksfjölgunar, er óvíst. Það er líka óvíst hvort og hvernig mannkyninu tekst að ráða við þessar miklu breytingar sem verða á næstu áratugum. Ég nefni tvennt sem ég tel að verði meginatriði í lausnunum sem er annars vegar nýting hafsins og nýjar orkulindir hins vegar. Þetta tvennt er lykillinn að þessari þróun, vegna þess að munurinn milli hinna ríku þjóða og hinna fátæku þjóða fer síst minnkandi. Við erum hér að tala um ríka þjóð sem er Ísland og fátæka þjóð, sem er Kína. Hinar fátæku þjóðir eru helmingur jarðarbúa. Það eru yfir 3 milljarðar manna sem eru fátækar sama hvaða mælikvarði er tekinn.

Misskiptingin er ótrúlega mikil í heiminum og ef við lítum enn og aftur á 200 ríki heims teljast 100 þeirra til þróunarlanda. Í þessum 100 ríkjum var samdráttur í landsframleiðslu á mann í 30 ríkjum á síðustu áratugum. Verðmætasköpun á hvern einstakling, dróst þannig saman á síðustu 35 árum. Þetta er hér sagt til að draga fram þau miklu vandamál sem blasa við okkur sem ábyrgum aðila í viðskiptum og alþjóðlegum samskiptum.


Mynd 8 sýnir þjóðartekjur á mann hjá nokkrum þjóðum.



Mynd 8: Þjóðartekjur á mann nokkurra þjóða árið 2003 í US \$ á jafnvirðismælikvarða (PPP)

Í mynd 8 sést að lang ríkasta þjóð í heimi er Lúxemborg. Þeir eru langt á undan öðrum þjóðum með 54.000 dollara þjóðartekjur á hvert mannsbarn. Svo koma Bandaríkin, Noregur, Sviss, Danmörk, Írland og Ísland. Ísland er í 7. sæti. Við höfum verið undanfarin ár á meðal 10 ríkustu þjóða heims. Síðan koma á myndinni 3 fátækari lönd. Perú er nr. 115 með 5.000 dollara þjóðartekjur á mann. Kína er nr. 116 og El Salvador er nr. 117. Við sjáum hvílíkur gífurlegur munur er hér á, en þessar þjóðir, allavega Kína, munu fara hratt áfram og klifra upp þennan skala. Þetta er kaupmáttarskali heimsins en þetta er líka viðskiptaskali heimsins. Það bendir allt til þess að Kína eigi eftir að hækka mjög mikið þannig að viðskipti framtíðarinnar þar munu verða mjög mikil, sama hvaða mælikvarði er notaður.


Mynd 9 sýnir helstu innflutningslönd Íslands.



Mynd 9: Helstu innflutningslönd Íslands árið 2003

Innflutningur frá Kína til Íslands árið 1990 var 431,5 millj. kr. af 97 milljarðar kr. heildarinnflutningi. Af 7.719 millj. kr. innflutningi árið 2003 eru vélar og samgöngutæki 2.825 millj. kr, ýmsar unnar vörur 3.564 millj. kr. og fatnaður annar en skór 1.505 kr.


Mynd 10 sýnir helstu útflutningslönd Íslendinga.



Mynd 10: Helstu útflutningslönd Íslands árið 2003

Útflutningur til Kína frá Íslandi árið 1990 16,3 millj. kr. af 93 milljörðum kr. Af 1.327 millj. kr. útflutningi til Kína árið 2003 eru sjávarafurðir 1.274 millj. kr. og þar af er karfi 604 millj. kr.

Mynd 11 sýnir hlutfallega breytingar á hlutdeild utanríkisverslunar okkar við Kína.



Mynd 11: Viðskipti Íslands við Kína 1990 til 2003

Samkvæmt mynd 11 fer útflutningur til Kína úr 1,5% hlutdeild af heildarútflutningi upp í 3,5% hlutdeild. Innflutningur til Kína er innan við 1% hlutdeild af heildarinnflutningi. Hér er því verk að vinna, bæði hvaða varðar útflutning og innflutning.

Breytingarnar sem hafa átt sér stað eftir 1949 tengjast ekki aðeins nafni Mao Zeo Dong heldur einnig efnahagsbyltingin sem var undir forystu Deng Xiaoping. Andi hans svífur þarna enn yfir og má minna á Hong Kong sem féll þeim í skaut eftir uppsögn samningsins við Breta með hugmyndafræðinni um eitt ríki og tvö kerfi. Spurning er einmitt hvort Taívan falli líka undir þetta. Hér erum við komin í mjög erfið pólitísk álitaefni, sem við þurfum að hafa þekkingu á þegar við stundum viðskipti vegna þess að við njótum mjög góðra samskipta við Kína. Við Íslendingar njótum góðra samskipta. Við höfum stundum strekkt á þeim samskiptum, meðal annars þegar forseti Taívan var hér í heimsókn fyrir nokkrum árum. Það hafði ekki þær afleiðingar sem hefði mátt búast við. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga að Kínverjar – og það er mjög mikilvæg stefna í þeirra utanríkismálum og í samskiptum við önnur ríki – meðhöndla öll ríki jafnt og við njótum þess mjög.

Það má ekki gleyma því að Flokkurinn er með allt vald í landinu. Þetta er einræðisríki og tókin hjá Flokknum eru alls staðar alger. Hins vegar hefur þetta verið aðeins að breytast, sérstaklega með því að héruðin hafa fengið

meira vald til sín. Það byrjaði í Sjanghæ, en Jiang Zemin fyrrverandi forseti, var áður borgarstjóri í Sjanghæ. Þeir sem hafa stjórnað Kína undanfarin ár eru skjólstæðingar og aldir upp af Deng Xiaoping, sem er að vísu fallinn frá, en andi hans og stefna ríkir enn í þessu umhverfi.

Með hvaða hætti þessir hlutir þróast er mjög erfitt að segja til um, þ.e. hvort samfélagið þróist í meiri lýðræðisátt. Það er ekki gott að segja til um það og það bendir ekkert sérstaklega til þess. Ef til vill má segja að á meðan efnahagsástandið er með þeim hætti að það verður sífelld meiri verðmætasköpun, sífelld meiri efnahagslegri velsæld, þá gangi þetta kerfi. Við eigum að hugsa um söguna af keisaradæminu, en Kínverjar hafa ekki búið við svona umhverfi öldum saman. Átökin sem urðu á Torgi hins himneska friðar með mótmælum stúdenta höfðu gífurleg áhrif innanlands, þannig að það eru margvísleg sprengiefni í þessu umhverfi.

Kínverjar vita kannski ekki sjálfir hvernig þetta muni enda, en það er alveg ljóst að viðskipti munu halda áfram. Sú stefna sem er búið að gefa út er að viðskipti hafi forgang. Við eigum að nýta þá möguleika að eiga viðskipti við Kína. Ef við gerum það ekki erum við einfaldlega að setja af okkur stærsta framtíðar viðskiptasvæði heimsins. Þetta er ekki flóknara en það. Við værum líka að setja af okkur að fara inn á heimavöll sem við höfum góða aðkomu vegna vinsamlegrar afstöðu Kínverja gagnvart okkur. Við værum einnig að setja af okkur aðgöngumiða að viðskiptum í öðrum löndum Suðaustur Asíu.

Kínverjar eru nefnilega ekki aðeins í Kína. Það eru tæpar 100 milljónir Kínverja sem búa utan Kína og þeir ráða yfir viðskiptalífínu í öllum þessum löndum. Þetta eru lönd eins og Víetnam, Indónesía og Singapur. Kínverjar eru alls staðar í Suðaustur Asíu ráðandi aðilar í viðskiptum. Þannig er að þetta snýst ekki aðeins um Miðríkið heldur allt þetta umhverfi.

Vandi meðaltala er oft áberandi gagnvart Kína vegna þess að þetta er svo stórt ríki og það þarf að hafa í huga að kínverska hagkerfið er einungis að hluta til vanþróað. Það eru ákveðin svæði sem nota nýjustu tækni. Stjórnvöld hafa lagt mikla áherslu á að Kína verði hátæknisamfélag, ekki aðeins staður til að framleiða ódýrari vörur. Kínverjar eru þó komnir það áleiðis að tekjujöfnuðurinn er þar álíka og í Bandaríkjunum.


Þróunin er hins vegar öll miklu hraðari en við eigum að venjast, t.d. borgarmyndunin. Núna búa 40% af íbúum Kína í borgum og það tók þá 25

ár að ná því. Í Bandaríkjunum, sem er dæmi um mjög hraða þróun, tók borgarmyndunin 50 ár. Þannig að í Kína gerast hlutirnir í miklu stærra mæli og miklu hraðar en nokkur dæmi eru til um áður. Þeir eru þó með margvíslegan óhagkvæman ríkisrekstur og með ríkiseinokun á fréttum og öðru sem tengist þessu stjórnkerfi og menn þurfa að vita og þekkja til að lifa í þessu umhverfi. Ég nefni hér sem dæmi svæðið um Hong Kong, perlufestina sem er kölluð svo, er með 430 milljónir íbúa. Þetta eru tölur sem við getum varla ímyndað okkur. Þetta er stærra og fjölmennara svæði en ESB.

Hér er ein spurning sem ég ætlaði að spyrja ykkur. Hvað er Chongqing? Ég ætla að svara henni reyndar sjálfur því ég er viss um að enginn sem ekki hefur verið í Kína getur svarað henni. Chongqing er borg með 30 milljónir íbúa, ein fjölmennasta borg í heimi. Ég er viss um að um 70% þeirra sem eru hérna í salnum hafi ekki haft hugmynd um þetta og þekki ekki þessa borg. En þetta er gott dæmi um þróunina sem hefur orðið í Kína. Chongqing er annar endinn á drekanum við Yangstefljót. Hinn endinn er Sjanghæ. Þetta er hið stóra efnahagssvæði sem er verið að byggja upp í Kína. Svona dæmi sýnir kannski að okkur skortir hér þekkingu.


Við höfum lítil samskipti haft við Kína varðandi ferðalög en ég vil þó nefna sérstaklega Unni Guðjónsdóttur sem hefur verið með skipulagðar ferðir til Kína í mörg ár. Kristniboðið í Kína þekkjum við svo og heimsóknir erlendra þjóðhöfðinga. Þær eru mjög merkilegur þáttur því hér var nefnt að forseti Íslands er að fara til Kína. Þetta umhverfi er ekki hið hefðbundna lýðræðismarkaðsumhverfi eins og við þekkjum á Vesturlöndum. Þessar heimsóknir skipta þar mjög miklu máli.

Þessi aðkoma okkar Íslendinga og það að við höfum fengið hvað eftir annað háttsetta menn hingað til Íslands er tækifæri. Það er mikið tækifæri fólgið í því sem við eigum að nýta okkur, alveg eins og þegar þeir koma hingað. Auðvitað komum við okkar sjónarmiðum og skoðunum á framfæri. Það gera allar lýðræðisþjóðir hvort sem snýr að mannréttindum eða öðru, en í þessum samskiptum eru viðskiptatækifærin mjög mikil. Þessi tækifærin sé ég á nokkrum sviðum og vil ég fyrst nefna sjávarútveginn.




Mynd 12: Heimsaflinn 1990-2000

Íslendingar hafa upp á marga að bjóða í sjávarútvegsmálum, einkum hvað varðar markaðsmál. Mynd 12 sýnir þróun heimsaflans síðustu 50 ár. Kína er langstærsta sjávarútvegsþjóð í heimi.




Mynd 13: Helstu fiskveiðiþjóðir heims árið 2002

Mynd 13 sýnir helstu fiskveiðipjóðir heims árið 2003. Þetta er eina sviðið þar sem Íslendingar mælast. Íslendingar mælast ekki á einu einasta sviði í heiminum nema á grundvelli höfðatalna. Það er þó eitt svið í heiminum sem við mælumst í heildartölum og það er innan sjávarútvegsins. Við erum ein stærsta fiskveiðipjóð í heimi og vorum árið 2002 í 11. sæti hvað varðar heildarafla. Kína er langefst og hér erum við í góðum félagsskap stórra og öflugra ríkja og auðvitað eigum við að nýta okkur þessa sérstöðu.



Mynd 14: Þróun útflutnings þróunarlanda á nokkrum vörutegundum 1980, 1990 og 2000

Mynd 14 sýnir útflutning frá þróunarlöndum á nokkrum vörutegundum. Það sem er merkilegt í þessu er að viðskipti með fisk sem hlutfall af vörum frá þróunarlöndunum, eru í efsta sæti. Á myndinni er sýndur fiskur, kaffi, bananar, gúmmí, te, rís og kjöt og mest viðskiptin eru með fisk. Þróunarríkin eru mörg öflugar fiskveiðipjóðir og við höfum upp á ýmislegt að bjóða í sjávarútvegi, ekki hvað síst markaðskerfið. Markaðspekking í sjávarútvegi er ein mesta auðlind Íslendinga og fólk áttar sig nú reyndar ekki alltaf á því. Það hefur tekið meira en eina öld að byggja upp þessa auðlind, sem er þekking Íslendinga á markaðsmálum í sjávarútvegi.



Mynd 15: Helstu viðskiptaþjóðir með sjávarafurðir 2002

Mynd 15 sýnir inn- og útflutning á sjávarafurðum frá mörgum ríkjum. Bandaríkin flytja til að mynda mikið inn af sjávarafurðum og höfum við nýtt okkur það um áratuga skeið. Við getum örugglega verslað í meira mæli með fisk en við gerum. Við eru litlir þátttakendur í sjávarútvegi í Kína en þarna eru ótrúlega tækifæri. Ég veit að íslenskum sjávarútvegsmönnum er vel kunnugt um þetta, því sú þekking sem ég tala um er að kunna skil á þessu. Varðandi sjávarútveginn erum við fyrst og fremst með háþróað markaðskerfi sem felur í sér stóra tækifærið varðandi sjávarútveginn.

Ég ætla að nefna hér nokkur önnur atriði. Ég sé mikil tækifæri í orkuframleiðslu, það er í virkjununum, vatnsaflsvirkjununum, háhitasvæðum en einkum í djúpbörnum. Það eru að gerast mjög merkilegir hlutir hér á landi í djúpbörnum. Þessi nýja tækni, sem er hugsanlega handan við hornið, er að bora langt niður til að ná í orku. Ísland er á flekamótum svo það er styttra niður en víða annars staðar.

Við eigum að taka forystu í þessum efnum í heiminum. Sören Langvad, forstjóri Phil og Sön sagði að það tæki sennilega 30-50 ár að leysa þetta tæknilega en sá maður veit mest um íslenskar virkjanir, af öllum útlendingum. Það er hins vegar hugsanlegt að það gerist hraðar. Þetta er gífurlegt tækifæri gagnvart öllum heiminum og gagnvart Kína sérstaklega.


Við eigum einnig mikil tækifæri í samskiptum á sviði háskóla og vísinda. Þetta er alveg ónotaðir möguleikar. Það hafa verið reistir hundruðir nýrra háskóla í Kína sem bíða eftir samstarfi landa eins og okkar sem eiga góð samskipti við umheiminn og þekkja alþjóðlegt vísindaumhverfi í Bandaríkjunum, Bretlandi og annars staðar í Evrópu. Ég held að mikil tækifæri bíða eftir okkur Íslendingum og ég nefni Háskólann að Bifröst hefur einmitt byggt upp sambönd við háskóla í Sjanghæ.

Mikil tækifæri eru einnig í fjármálaþjónustu, þar sem okkar stóra útrás hefur verið. Ég hvet íslenska fjármálajörfa, unga fólk, gömlu nemendurna mína, að einblína ekki aðeins á Bretland og önnur lönd Evrópu. Farið þarna austur. Þarna eru tækifærin. Farið með þessa nýju kunnáttu sem er hér til staðar. Það er greinilegt að fjármálaþjónusta verður ein aðal útflutningsgrein okkar og uppspretta verðmætasköpunar okkar Íslendinga á næstum 2-3 áratugum.

Ég er sannfærður um það sjálfur að við eigum þarna nýja auðlind sem byggir fyrst og fremst á menntun. Þarna bíða eftir mönnum svæði, nákvæmlega eins og á seinni hlúa 18. aldar þegar tækifærin biðu í nýrri heimsálfu sem þá var kölluð Ameríka, en er núna kölluð Bandaríki Norður Ameríka. Öll sú uppbygging gerðist á tiltölulega skömmum tíma á seinni hluta 19. aldar, m.a. í fjármálaþjónustu og á mörgum öðrum sviðum. Þessi heimur er þarna í Kína og það eru aðrir búnir að koma auga á hann. Ef við förum ekki þangað, þá gera það einhverjir aðrir.

Ferðaþjónusta og tekjuháir Kínverjar eru líka tækifæri. Það er athyglisvert að hugsa til þess að það eru tæplega 100 milljónir Kínverja, sem er ekki stór hluti af þjóðinni, sem hafa tvöfaldar ráðstöfunartekjur á við okkur Evrópubúa. Það þýðir að aðeins þessir ríku Kínverjar eru jafn stórt markaðssvæði og Bretland og Frakkland samanlagt. Stærðirnar eru svo sérkennilegar, að það er erfitt að ímynda sér með hvaða hætti þetta nýtist, en tækifærin eru til staðar.

Ég vil enda þennan fyrirlestur á þeirri spurningu hvort valdandi heimsins sé að flytjast frá ríkjunum við Atlantshaf til ríkjanna við Kyrrahaf eins og sýnt er á mynd 16 sem sýnir nokkur heimskort.



Ágúst Einarsson, 23.febrúar 2005

29

Mynd 16: Nokkur heimskort

Þetta er heimsmyndin, heimskortið sem við höfum séð alla okkar ævi, Atlantshafið sem miðpunktur alveg í 500 ár frá landafundunum miklu. Spurningin er hvort valdamiðja heims flyst yfir til Kyrrahafsins og ekki má gleyma því að Bandaríkin eru með land bæði að Atlantshafi og Kyrrahafi. Ég tel að Asía verði hin nýja valdamiðja.

Ég vil líka tengja þetta áætlunum okkar um framboð til Öryggisráðsins. Við ætlum að taka meira frumkvæði á alþjóðlegum vettvangi. Ég vil hér benda á hugmynd sem forseti Íslands hefur komið fram með nýlega, sem snýr að frumkvæði okkar í landhelgismálunum. Hann varpaði því fram að við skyldum taka forystuna í baráttunni gegn gróðurhúsaáhrifum. Hér blanda ég saman menningarlegri hugsjón og sjónarmiðum sem koma inn í þessa merkilegu sögu, líka pólitískum álitæfnum auk viðskiptanna. Við höfum hér hlutverki að gegna.

Við erum að vísu smáþjóð, en við höfum siðferðilegar skuldbindingar gagnvart þessu umhverfi, ein ríkasta þjóð í heimi. Það er ekki gott að átta sig á því hvað gerist innan Kína sjálfs, hvort þeir geti leyst sín vandamál innan síns einkennilega kerfis og látið fólk búa í sátt og samlyndi. Það er þó vel hugsanlegt að Kínverjar taki foryrstu í heimsmálum. Þeir eru óáleitin þjóð

og það kom fram í fyrstu tilvitnuninni í Lao Tse. Kínverjar hafa ekki ráðist á aðrar þjóðir í neinum þeim mæli sem við Vesturlandabúar höfum gert. Þetta er augljóst ef sagan er skoðuð.

Ég vil enda á litlu ljóði.

Krefjast skaltu mikils
af sjálfum þér;
vænstu lítils af öðrum;
færra mun valda þér ama.

Konfúsíus
fæddur 551 f. Kr.,
dáinn 479 f. Kr.

Þetta ljóð eða spakmæli hefur verið Kínverjum leiðarljós í miklu lengri tíma en við þekkjum. Við skulum læra af þessum vitru orðum hins kínverska spekings sem lifði á jörðinni fyrir meira en 2.500 árum.

Þakka ykkur fyrir